



Borgarráð

## ***Fjármálastefna og fjárfestingarstefna Reykjavíkurborgar 2021-2030***

Hér er lögð fram í fyrsta sinn fjármálastefna og fjárfestingarstefna Reykjavíkurborgar sem nær til næstu 10 ára. Fjármálastefnunni er ætlað að styðja við Græna planið sem er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar til ársins 2030.

Borgarráð sameinaðist um fyrstu viðbrögð við efnahagslegu áfalli eftir kórónaveiruna 26. mars sl. Pólítísk samstaða náðist um þrettán skýrar aðgerðir sem fyrstu viðbrögð við faraldrinum. Meðal annars var samþykkt sú stefna að flýta fyrir og ýta undir fjárfestingar, viðhald og framkvæmdir, ýta undir nýsköpun, þekkingargreinar og skapandi greinar ásamt því að hraða notkun nýrra tæknilausna í rekstri borgarinnar. Sömu áherslur koma fram í fjármálastefnu og fjárfestingastefnu Reykjavíkurborgar til 2030.

Fjármálastefna og fjárfestingarstefna Reykjavíkurborgar er lykilþáttur í efnahagshluta Græna plansins sem snýr meðal annars að fjármálum borgarinnar og fyrirtækja hennar.

Lagt er til að borgarstjórn samþykki fjármála- og fjárfestingarstefnu Reykjavíkurborgar ásamt neðangreindri bókun.

*Reykjavík ætlar að vinna sig út úr Covid-kreppunni með kraftmiklum grænum vexti. Viðspyrnan verður fjármögnuð með lántökum en síðan réttist reksturinn við. Gera má ráð fyrir að rekstrarniðurstæða borgarsjóðs verði neikvæð á fyrstu tveim árunum en rekstur verði síðan jákvæður.*

*Tekjufalli verður ekki mætt með stórfelldum niðurskurði. Áfram verður 1% hagræðingarkrafa á flesta málaflökka. Hagræðingarkrafa á velferðar- og skólamál verður tímabundið lækkuð í 0,5%. Hagræðingarkrafan verður endurskoðuð árlega. Á árunum 2021-2025 skulu skuldaviðmið samstæðu ekki fara yfir 200% af árlegum tekjum. Í fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar fara skuldir A-hluta fari ekki yfir 110% og verði komnar niður fyrir 100% í lok tímabilsins.*

*Fjárfestingar á árunum 2021-2025 grundvallast á Græna Planinu. Forgangsráðað verður í þágu grænna og samfélagslegra innviða með áherslu á verkefni sem flýta þróun borgarinnar í átt að kolefnishlutlausu samfélagi. Fjárfestingum skal forgangsráðað þannig að þær sem auka tekjur og stuðla að rekstrarhagræðingu í framtíðinni fái aukið vægi. Fjárfesting í stafrænni umbreytingu skal skila rekstrarhagræðingu þegar fram í sækir og áhersla verður lögð á aukna hagkvæmni í innkaupum. Það er samfélagslega mikilvægt að borgin láti ekki þá óvissu sem ríkir í Covid draga úr viðnámi borgarinnar við vandanum sem að stæðjar. Staðan verður metin reglulega með ársfjórðungslögum áhættuskýrslum fjármála- og áhættusviðs til borgarráðs.*

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:  
Fjármálastefna og fjárfestingarstefna Reykjavíkurborgar 2021-2030

Hér er lögð fram í fyrsta sinn tillaga að fjármálastefnu og fjárfestingastefnu Reykjavíkurborgar sem nær til næstu 10 ára. Stefnunum er ætlað að styðja við Græna planið sem er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar til ársins 2030.

### **Tillaga að fjármálastefnu og fjárfestingastefnu Reykjavíkurborgar 2021-2030**

Borgarstjórn vill tryggja **kröftug viðbrögð** og **öfluga sókn** gegn efnahagssamdrætti og atvinnuleysi. Mikilvægt er að verja þjónustu borgarinnar fyrir því tímabundna tekjufalli sem borgarsjóður verður fyrir vegna þessa. Ljóst er að halli verður af rekstri borgarinnar til skemmri tíma. Það er ómflýjanlegt. Til að vinna gegn samdrætti og atvinnuleysi boðar Reykjavíkurborg fjárfestingaáttak til næstu þriggja ára, auk virkni og vinnumarkaðsaðgerða. Borgarsjóður (A-hluti) mun fjárfesta fyrir 95 milljarða 2021-23 og fyrirtæki borgarinnar (B-hluti) munu fjárfesta fyrir tæpan 81 milljarð króna sömu ár. Stór hluti fjárfestinganna felst í nauðsynlegum innviðum til græns og kröftugs vaxtar í borginni sem mun leiða af sér umfangsmikla fjárfestingu fyrirtækja og einstaklinga.

Tímabundið og óumflýjanlegt tekjufall og halli á rekstri breytir ekki þeirri langtímakröfu borgarstjórnar að rekstur skili afgangi og borgarsjóður standi undir greiðsluskyldu vegna skulda og skuldbindinga á hverjum tíma hér eftir sem hingað til. Í fjármálastefnu borgarinnar felst því skýr langtímasýn um **sjálfbærni** og **varfærni** í fjármálum borgarinnar. Þannig vill borgarstjórn tryggja **stöðugleika** í fjármálum borgarinnar til langs tíma með kröfu um að útgjöldum til rekstrar og fjárfestinga verði hagað til langs tíma í takt við þróun megingtektjustofna og framlegð í rekstri. Réttu viðbrögðin til að ná þessum langtímamarkmiðum felast í aðgerðaráætlun í rekstri og öflugri fjárfestingu sem styður við kröftugan grænan vöxt til lengri tíma.

Borgarstjórn vill byggja upp **festu** og **fyrirsjáanleika** í fjármálastjórninni með Græna Planinu og langtíma stefnumótun fyrir hvern málaflökk til ekki skemmri tíma en fimm ára í senn, þar sem lýst er áherslum og markmiðum sem rúmast innan þess fjárhagsramma sem ákveðinn er í fimm ára áætlun og forðast fyrirvaralitlar breytingar. Græna planið er viðbragð við þeim efnahagslegu áföllum sem kórónaveirufaraldurinn hefur haft í för með sér en ekki síður framtíðarsýn sem felur í sér blómlegri og grænni borg jafnra tækifæra fyrir alla borgarbúa. Lykilviddir græna plansins eru þrjár; efnahagsleg, samfélagsleg og umhverfisleg en sjálfbærni næst ekki nema tillit sé tekið til allra þriggja þátta.

Borgarstjórn gerir kröfur um **gagnsæi** í fjármálastjórn borgarinnar sem byggi á reglubundinni skýrslugjöf á mælanlegum markmiðum fjármálastefnunnar.

### **Markmið fimm ára áætlunar 2021-2025:**

Í ljósi þess efnahagslega áfalls sem orðið hefur á Íslandi í framhaldi af heimsfaraldri kórónaveirunnar og kröfunnar sem felst í þingsályktun um fjármálastefnu um að hið opinbera, ríki og sveitarfélög, verji heimilin og freisti þess að mynda viðspyrnu setur Reykjavíkurborg sér eftirtalin markmið á tímabilinu 2021-2025:

- Halli á rekstri A-hluta og samstæðu fari ekki umfram **10%** af tekjum á hverju ári.
- Veltufé frá rekstri A-hluta dugi a.m.k. fyrir afborgunum langtímalána, leiguskuldbindinga og lífeyrisframlagi fyrir lok tímabilsins
- Skuldaviðmið samstæðu fari ekki yfir **200%** af tekjum á hverju ári.

## Markmið tíu ára áætlunar 2026-2030:

Reykjavíkurborg hefur stillt upp Græna planinu sem samstillir allar meginstefnur borgarinnar að því markmiði að tryggja félagslega, umhverfislega og efnahagslega sjálfbærni borgarinnar til lengri tíma. Með þessum markmiðum og aðgerðaáætlunum á sviði fjármála setur Reykjavíkurborg sér eftirtalin markmið:

- Jafnvægisviðmið samstæðu verði jákvæð (fjármálaregla skv. lögum).
- Veltufé frá rekstri A-hluta verði á tímabilinu komið a.m.k. 20% yfir afborganir langtímalána, leiguskuldbindinga og lífeyrisframlagi.
- Skuldaviðmið samstæðu verði ekki hærra en 150% frá og með 2027 (fjármálaregla skv. lögum).

Fjármálareglur	Markmið 2021-2025	Fimm ára áætlun					Markmið 2026-2030	Sviðsmyndagreining					
		2019-2021	2020-2022	2021-2023	2022-2024	2023-2025		2024-2026	2025-2027	2026-2028	2027-2029	2028-2030	
<b>Jafnvægisviðmið samstæðu</b>	Markmið. Tekjur yfir hvert 3ja ára tímabil a.m.k. jafnhá gjöldum flest árin, í mkr.	6.454	589	12.393	25.543	35.981	Markmið. Tekjur yfir hvert 3ja ára tímabil a.m.k. jafnhá gjöldum	✓	✓	✓	✓	✓	
	Jafnvægisviðmið A-hluta	-17.116	-21.379	-12.477	-304	8.187	Jafnvægisviðmið A-hluta	✓	12.063	18.567	22.366	28.179	34.934
	Hámark rekstrarhalla A-hluta -10% af tekjum árin 2021-2025	-8,5%	-2,0%	1,1%	0,5%	3,3%							
	Veltufé frá rekstri A-hluta umfram afborganir og endurgreiðslu v lífeyrisskuldbindinga jákvætt frá 2024	-9.938	-3.303	-1.150	724	4.876	Veltufé frá rekstri A-hluta verði 20% umfram afborganir og endurgreiðslu v lífeyrisskuldbindinga	✓	45%	65%	84%	103%	128%
<b>Skuldaviðmið samstæðu</b>	Markmið. Skuldaviðmið að hámarki 200% árin 2021-2025	168,7%	168,1%	169,1%	167,2%	158,7%	Skuldaviðmið að hámarki 150% frá 2027	✗					
	Skuldaviðmið A-hluta	82,1%	94,4%	102,3%	105,3%	101,2%	Skuldaviðmið A-hluta	✓	94,7%	86,7%	78,5%	68,3%	58,3%

Fjármálastefnan og markmiðssetningar fyrir hvert tímabil eiga að mynda grunn að fjárhagslega, félagslega og umhverfislega sjálfbærri borg til lengri tíma.

Fjármálastefnan skal endurskoðuð innan sex mánaða frá sveitarstjórnarkosningum og eftir atvikum ef grundvallarbreytingar verða á ytri skilyrðum.

## Fjárfestingastefna Reykjavíkurborgar

Borgarstjórn vill byggja upp og viðhalda mannvirkjum og innviðum borgarinnar til að mæta vexti hennar og þróun í samræmi við áherslur í aðalskipulagi, Græna planinu og þjónustu við íbúa.

Samdráttur í fjárfestingum væru röng viðbrögð við efnahagssamdrætti og atvinnuleysi. Þess í stað verða fjárfestingar borgarinnar auknar. Borgarstjórn leggur áherslu á grænar fjárfestingar, stafræna umbreytingu og góða nýting fjármuna í fjárfestingarátaki Reykjavíkurborgar næstu ár.

Borgarstjórn vill forgangsraða í þágu grænna og samfélagslegra innviða með áherslu á verkefni sem flýta þróun borgarinnar í átt að kolefnishlutlausu samfélagi og stuðla að umhverfislegum, samfélagslegum og fjárhagslegum ávinningi.

Borgarstjórn leggur áherslu á að fjárfestingar borgarinnar verði fjármagnaðar með útgáfu grænna skuldabréfa eftir því sem kostur er og tekur forgangsroðunin og val verkefna mið af því. Nýbyggingar og endurgerð verði umhverfisvottaðar þar sem því verður við komið.

## **Greinargerð**

### **Fjármálastefna**

Reykjavíkurborg setur fram *fjármálastefnu Reykjavíkurborgar* sem almennan fjárhagslegan ramma og markmið um rekstur og þróun fjármála borgarinnar til lengri og skemmri tíma. Fjármálastefnan byggir á grunnildum borgarinnar um **sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu, fyrirsjáanleika og gagnsæi** sem varða leið borgarinnar að því að uppfylla fjármálareglur sveitarfélaga, þ.e. jafnvægisviðmið og skuldaviðmið samstæðu Reykjavíkurborgar. Mikilvægasta einingin í samstæðu borgarinnar er engu að síður A-hluti en borgarsjóður verður fyrir mestum árifum af Covid19. Þess vegna beinast markmiðin sérstaklega að borgarsjóði.

Mikilvægt er að verja þjónustu borgarinnar fyrir því tímabundna tekjufalli sem borgarsjóður verður fyrir vegna þessa. Ljóst er að halli verður af rekstri borgarinnar til skemmri tíma. Til að vinna gegn samdætti og atvinnuleysi boðar Reykjavíkurborg fjárfestingaátak til næstu þriggja ára, auk virkni og vinnumarkaðsaðgerða. Borgarsjóður (A-hluti) mun fjárfesta fyrir 95 milljarða 2021-23 og fyrirtæki borgarinnar (B-hluti) munu fjárfesta fyrir tæpan 81 milljarð króna sömu ár. Stór hluti fjárfestinganna felst í nauðsynlegum innviðum til græns og kröftugs vaxtar í borginni sem mun leiða af sér umfangsmikla fjárfestingu fyrirtækja og einstaklinga.

Í fjármálastefnunni er undirstrikað að tímabundið og óumflýjanlegt tekjufall og halli á rekstri breytir ekki þeirri langtímakröfu borgarstjórnar að rekstur skili afgangi og standi undir greiðsluskilyldu vegna skulda og skuldbindinga á hverjum tíma. Í fjármálastefnu borgarinnar felst því skýr langtímasýn um **sjálfbærni** og **varfærni** í fjármálum borgarinnar. Þannig vill borgarstjórn tryggja **stöðugleika** í fjármálum borgarinnar til langs tíma með kröfu um að útgjöldum til rekstrar og fjárfestinga verði hagað til langs tíma í takt við þróun megintekjustofna og framlegð í rekstri.

A-hluti Reykjavíkurborgar stendur frammi fyrir miklu tekjufalli á árinu 2020 sem rekja má beint og óbeint til heimsfaraldurs kórónaveirunnar. Ætla má að tekjufallið muni nema 4,5 ma.kr. í staðgreiðslu útsvars og 8,0 ma.kr. í öðrum tekjum (þjónustutekjur, sala byggingaréttar og gatnagjöld) eða alls um 12,5 ma.kr. Útgjöld borgarinnar hafa aukist mikið af sömu ástæðum eða um 2,6 ma.kr. bæði vegna viðspyrnuaðgerða og viðbragða við faraldrinum í þjónustu og rekstri. Áhrifin í heild eru rúmlega 15 ma.kr. á árinu 2020 sem tengjast faraldrinum með beinum hætti. Í samanburði við önnur sveitarfélög er Reykjavíkurborg væntanlega fá eitt mesta höggið hvort sem horft er á heildarfjárhæðina eða mælt á hvern íbúa. Fyrstu viðbrögð borgarinnar á þessu ári við áhrifum kreppunnar hafa einkennst af því að treysta fjárhagslega getu lykilstofnana og innviða borgarinnar á sviði velferðar- og skólamála til að standa með fjölskyldunum í borginni. Mikil fjölgun hefur þegar orðið í þeim hópi sem verður að treysta á fjárhagsaðstoð og húsnæðisstuðning borgarinnar og vísbendingar eru um að það muni fjölga í þessum hópi á næstu mánuðum. Jafnframt hefur borgin sett verulega fjármuni í vinnumarkaðsaðgerðir og aukið fjárfestingar til að draga úr atvinnuleysi og skapa ný atvinnutækifæri.

Fyrirliggjandi frumvarp að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun gerir ráð fyrir að borgarsjóður glími áfram næstu árin við afleiðingar tekjufallsins og útgjaldaaukans og verði á sama tíma að standa við fyrirheit um öflugna grunnþjónustu og auknar framkvæmdir til að skapa atvinnu og aukinn kraft í hagkerfinu. Þetta mun óumflýjanlega leiða til tímabundins hallareksturs og aukinnar lántöku vegna framkvæmda.

Í markmiðssetningum vegna áætlunartímabilsins 2021-2025 er gert ráð fyrir að halli á rekstri A-hluta fari ekki yfir 10% af tekjum en skv. fyrirliggjandi frumvarpi að fimm ára áætlun nær hann 8,5% sem er hæsta gildið. Með því að setja 10% hámark er verið að setja varúðarmörk að fjárhæð 2,3 ma.kr. ef svartsýnni sviðsmynd verður raunin. Mun minni hætta er á hallarekstri samstæðu eins og tafla hér að ofan sýnir. Þá er sett markmið um að veltufé frá rekstri A-hluta nái fyrir lok áætlunartímabilsins að

fjármagna afborganir langtímalána og leiguskuldbindinga. Í markmiðssetningu um skuldaviðmið samstæðunnar er gert ráð fyrir að það geti náð allt að 200%, einkum ef reynir á mikla lækkun gengis krónunnar, en skv. fyrirbyggjandi frumvarpi að fimm ára áætlun er viðmiðið hæst í 169%. Sviðsmynda- og áhættugreining stýrir markmiðssetningum en ekki frumvarpið. Á grunni sviðsmyndagreiningar fyrir tímabilið 2026-2030 er gert ráð fyrir að bæði samstæða og A-hluti uppfylli fjármálareglur sveitarfélaga frá árinu 2027, sjá umfjöllun um sviðsmyndir til 10 ára.

Við núverandi efnahagsaðstæður er ekki aðeins óráðlegt heldur beinlínis óskynsamlegt að Reykjavíkurborg dragi saman þjónustu, rekstur og framkvæmdir til að uppfylla kröfur fjármálareglna sveitarfélaga um hallalausan rekstur. Slík viðbrögð myndu koma illa niður á heimilum í borginni og magna upp fordæmalausán samdrátt í hagkerfinu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir **stöðugleika** og samfélagslega og efnahagslega **sjálfbærni**. Með 13. gr. laga nr. 25/2020 hefur alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2022 til að liðka fyrir möguleikum sveitarfélaganna að grípa til viðspyrnu og sóknar í stað samdráttaraðgerða. Hér er gengið út frá því að þetta lagaákvæði verði framlengt til loka árs 2025 með sama hætti og frumvarp til laga um breytingar á 7. gr. laga um opinber fjármál gerir ráð fyrir, þ.e. að ráðherra sé heimilt að víkja frá ákvæði laga um opinber fjármál um heildarafkomu og skuldahlutfall til loka árs 2025.

Í þingsályktunartillögu að endurskoðaðri fjármálastefnu hins opinbera er gert ráð fyrir breytingum á gildandi fjármálastefnu „til að styðja við stefnu ríkisstjórnarinnar um að bregðast við efnahagskreppu og koma í veg fyrir þrálátt atvinnuleysi í kjölfar heimsfaraldurs kórónaveiru með því að leggja áherslu á að verja og skapa verðmæt störf um allt land á næstu misserum“. Þannig má segja að bæði ríki og borg séu að grípa til viðspyrnu og sóknar með fyrirbyggjandi tillögum að fjármálastefnum og mikilvægt er að sú vegferð verði varin með nauðsynlegum lagabreytingum.

Reykjavíkurborg leggur jafnframt upp með heildstæða áætlun um efnahagslega endurreisn, **Græna planið**. Fjármálastefnunni er ætlað að styðja við Græna planið og skapa fjárhagslegar forsendur fyrir innleiðingu þess með fjárhags- og fjárfestingaráætlunum borgarinnar til 5 og 10 ára. Í Græna planinu eru allar meginstefnur borgarinnar samstilltar að því markmiði að tryggja **félagslega, umhverfislega og efnahagslega sjálfbærni** borgarinnar til lengri tíma. Réttu viðbrögðin til að ná þessum langtímamarkmiðum felast í aðgerðaráætlun í rekstri og öflugri fjárfestingu sem styður við kröftugan grænan vöxt til lengri tíma. Græna planið felur í sér aukinn **fyrirsjáanleika** og **festu** til lengri tíma í fjármálastjórn Reykjavíkurborgar á þessum óvissutímum.

## Fjárfestingastefna

Borgarstjórn leggur áherslu á sókn í fjárfestingum sem viðspyrnu við efnahagssamdrætti og atvinnuleysi. Græna planið leggur grunn að fjárfestingum borgarinnar á næstu 10 árum og dregur saman á einn stað helstu lykilverkefni og grænar fjárfestingar.

Áhersla verði lögð á að fjárfestingar verði metnar m.t.t. arðsemi og langrímaáhrifa þeirra á borgarsjóð, umhverfi og samfélag. Þau verkefni sem stuðla að kolefnishlutleysi, samfélagslegum ávinningi og hagræðingu til lengri tíma munu verða sett frammar í forgangsröð.

Í fyrirbyggjandi fjárfestingaráætlun hefur verið forgangsraðað í þágu grænna og samfélagslegra innviða, s.s. grænum samgönguinnviðum, hjóla- og göngustígum og Borgarlínu, samkvæmt uppfærðri hjólreiðaáætlun og samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins.

Fjárfest verður í grænum svæðum borgarinnar og innviðum þeirra og sérstaklega hugað að betri tengingum íbúahverfa við útivistar- og leiksvæði með grænu neti og aðstöðu til hreyfingar og bættrar lýðheilsu.

Í hverfunum verði ásýnd lykilgatna breytt í grænar, öruggari og gróðursælli borgargötur, skv. sérstakri áætlun.

Fjárfest verður á grunni hverfisskipulags og í innviðum nýrra og grænna hverfa í Skerjafirði, Elliðaárvogi og Ártúnshöfða.

Fjárfest verður markvisst í stafrænni umbreytingu á þjónustu borgarinnar.

Áhersla verður á endurnýjun og viðhald á samfélagslega mikilvægum innviðum, s.s. skólahúsnæði, íþróttaaðstöðu, almenningsbókasöfn, almenningsgarða og almenningsundlaugar sem komið er til ára sinna. Við forgangsröðun og útfærslu verkefna verður áhersla lögð á endurnýtingu, endurnýjun, samnýtingu húsnæðis og hagkvæmni og sparnað til langs tíma.

## Grunngildi

**Pau grunngildi** sem hér eru notuð eru ekki byggð á skilgreiningum laga um opinber fjármál. Ljóst má vera t.d. að grunngildi um **stöðugleika** skírskotar í lögum um opinber fjármál til hagstjórnarhlutverks ríkisins en það á ekki við um einstök sveitarfélög þótt þau kunni að vera stórir aðilar á íslenskum markaði. Lykiltæki ríkisins í hagstjórninni er íslenska krónan, gjaldeyrisvarasjóður Seðlabanka, stjórn fjármálamarkaða í gegnum útgáfu ríkistryggðra bréfa og regluverk fjármálakerfisins. Fjármögnunarmál ríkisins eru þannig eðlisólík fjármögnun sveitarfélaga. Í fjárhagslegu samhengi sveitarfélaga vísar stöðugleiki til stefnunnar um stöðugleika í fjármálum borgarinnar. Við mikinn óstöðugleika í hagkerfinu eins og nú er getur reynt mikið á hagstjórn ríkisins og Seðlabankans og afleiðingarnar geta birst í hækkandi ávöxtunarkröfu á fjármálamarkaði og lækkandi gengi krónunnar. Sviðsmynda- og áhættugreiningar sýna að mikil lækkun gengis krónunnar getur haft mikil áhrif á jafnvægisviðmið og skuldaviðmið samstæðu borgarinnar. Af þeirri ástæðu er gert ráð fyrir að skuldaviðmið geti farið í 200% enda þótt fimm ára áætlun endurspegli ekki þá þróun.

Grunngildið **varfærni** skv. lögum um opinber fjármál miðar m.a. að hæfilegu jafnvægi tekna og gjalda og það gerir það einnig þegar um sveitarfélag ræðir. Varfærni sveitarfélaga eru sett skýr mörk með fjármálareglu sveitarfélaga sem nefnd er *jafnvægisviðmið* og gildir um samstæðu sveitarfélaga. Það gerir kröfu um að útgjöld yfir hvert þriggja ára tímabili séu ekki hærra en tekjur. Ætla má að þetta ákvæði verði uppfyllt hjá samstæðu borgarinnar ef frá er talið tímabilið 2020-2022. Hins vegar er líklegt að A-hluti verði með halla í rekstri árin 2021-2024 líkt og A-hluti ríkissjóðs sem rekja má til tekjufalls og útgjaldaauka vegna Covid19 og kostnaðar við viðspyrnu- og sóknaraðgerðir borgarinnar. Í fjármála-stefnu Reykjavíkurborgar er sett markmið um að uppfylla jafnvægiskröfuna undir lok fimm ára áætlunartímabilsins.

Grunngildi Reykjavíkurborgar um **sjálfbærni** byggir á þeim fjármálalegu reglum og skilgreiningum sem gilda um sveitarfélög en ekki skilgreiningu laga um opinber fjármál. Ein mesta ógnunin við fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga er stöðugur vöxtur útgjalda vegna þjónustu við fatlað fólk og rekstur grunnskóla langt umfram það sem hefur verið fjármagnað með lögum. Þetta kemur vel fram í rýningu Analytica á framtíðarsjálfbærni sveitarfélaga. Vegna skýrra krafna í lögum um þjónustuumfang og þjónustugæði getur þetta fyrirkomulag leitt til ósjálfbærni hjá sveitarfélögum sem ríkið hefur ekki talið sig bera ábyrgð á. Afleiðingin getur bæði birst í hallarekstri og of litlum fjárfestingum hjá sveitarfélögum. Lágt fjárfestingarstig sveitarfélaga kann að stríða gegn fjárhagslegri sjálfbærni þeirra eins og segir í skýrslu Analytica. Ríkisáhættan er ein mesta ógnunin við sjálfbæran rekstur borgarinnar.

Grunngildið **fasta** þýðir að forðast beri óvæntar eða fyrirvaralitlar breytingar frá gildandi stefnu og áætlunum og gerir þess vegna miklar kröfur til stefnumótunarvinnu og aðgerðaáætlana á hverju sviði

sem rúmast innan fjárhagsramma; – jafnvel við álagsaðstæður. Reykjavíkurborg hefur við ákvörðun markmiða við núverandi aðstæður beitt sviðsmynda- og áhættugreiningum eins og lög um opinber fjármál gera ráð fyrir. Þessi greiningarvinna sýnir að erfitt er að setja ósveigjanleg markgildi enda er mikilvægara að skilja festu sem áttavita að markmiði fremur en kröfu um að ná tilteknu markgildi.

### Um sviðsmyndagreiningu A-hluta til 10 ára

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur lagt mikla vinnu í gerð sviðsmynda- og áhættugreininga á þessu ári til að varpa ljósi á möguleg áhrif heimsfaraldurs kórónaveirunnar á fjármál borgarinnar til næstu ára. Nýverið var sviðsmyndagreiningu beitt til að rýna betur forsendur og áhættur við gerð fimm ára áætlunar borgarinnar m.a. með hliðsjón af nýjustu þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem birt var 1. október sl. Í meðfylgjandi sviðsmyndagreiningu er reynt að bregða birtu á stóru drættina í mögulegri þróun fjármála borgarinnar til næstu tíu ára en vaxandi óvissu gætir eftir því sem lengur líður á tímabilið.


### Helstu forsendur:

EFNAHAGSSTÆRÐIR	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030
	Forsendur 5 ára áætlunar					Forsendur sviðsmynda				
Vísitala neysluverðs	2,7%	2,6%	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%
Launavísitala	5,2%	5,3%	4,2%	4,2%	4,2%	4,2%	4,2%	4,2%	4,2%	4,2%
Launavísitala borgar	5,2%	5,3%	4,2%	4,2%	4,2%	4,2%	4,2%	4,2%	4,2%	4,2%
Vinnumagn	2,6%	3,0%	2,3%	1,1%	1,1%	0,9%	0,9%	0,9%	0,9%	0,9%


Miðað er við að álagningarhlutföll útsvars og fasteignaskatta haldist óbreytt út tímabilið 2021 til 2030. Þá er gert ráð fyrir að almenn launavísitala og launavísitala borgarstarfsmanna haldist í heldur og hækki að jafnaði um 1,7%-stig umfram vísitölu neysluverðs 2026-2030. Einnig er gert ráð fyrir að þróun íbúafjölda og vinnumagns haldist í hendur og aukist um 0,9% á ári 2026-2030.

### Helstu niðurstöður:


**Rekstrarniðurstaða A-hluta** er sýnd á meðfylgjandi mynd þar sem sviðsmynd 2021-2025 fylgir frumvarpi að fimm ára áætlun en seinni hluti 10 ára áætlunar, 2026-2030, fylgir nýrri sviðsmyndagreiningu. áhrif Covid á rekstur borgarinnar og síðan hægfara bataferli 2022-2024. Framhaldið byggist síðan byggist á stöðugum vexti tekna umfram rekstrarútgjöld.



**Veltufé frá rekstri A-hluta** að frádregnum afborgunum langtímalána og leiguskuldbindinga er sýnd á meðfylgjandi mynd þar sem sviðsmynd 2021-2025 fylgir frumvarpi að fimm ára áætlun en seinni hluti 10 ára áætlunar, 2026-2030, fylgir nýrri sviðsmyndagreiningu. Sviðsmyndin sýnir að veltufé frá rekstri er þegar á árinu 2025 komið vel yfir afborganir af lánum og leiguskuldum í samræmi við markmiðssetningu.









**Halli er á rekstri A-hluta 2021 og 2022** en eftir því sem líður á tímabil fimm ára áætlunar m.v. frumvarp og enn frekar árin eftir 2025 sýnir sviðsmyndin vaxandi afgang á rekstri A-hluta. Hér skiptir miklu að gert er ráð fyrir tekjuvexti umfram vöxt útgjalda í bataferlinu. Þessi sviðsmynd sýnir að halli sem hlutfall af tekjum er mestur um -8,5% en markmiðssetning setur -10% í varúðarskyni.

Jafnvægisviðmið og skuldaviðmið A-hluta er sýnt á meðfylgjandi mynd þar sem sviðsmynd 2021-2025 fylgir frumvarpi að fimm ára áætlun en seinni hluti 10 ára áætlunar, 2026-2030, fylgir nýrri sviðsmyndagreiningu.



Áætlun um brúttó fjárfestingar A-hluta tímabilið 2021 – 2030 má sjá á meðfylgjandi mynd.

### Brúttó fjárfesting A-hluta

